


# MÁP – eftirlit með notkun dróna

MKH persónuverndarfulltrúi, júní 2020.



## 1. Kerfisbundin lýsing á fyrirhuguðum vinnsluaðgerðum:

- **Eðli, umfang, samhengi og tilgang vinnslunnar;**
- **Um hvaða persónuupplýsingar er að ræða, hverjir séu viðtakendur og varðveislutími;**
- **Lýsingu á fyrirhuguðum vinnsluaðgerðum;**

Veiðieftirlitsmenn Fiskistofu notast við rafknúinn vélbúnað til að varðveita upplýsingar sem ætlað er að tryggja að ákvarðanir Fiskistofu byggi á réttum upplýsingum um málsatvik. Notast hefur verið verið við farsíma til að ljósmynda vettvang brota, sönnunargögn og mælingar sem þeir framkvæma auk þess sem þeir hafa notast við öflugra sjónauka með búnaði til að festa þá við farsíma til myndatöku. Í þeim tilvikum þar sem brotaskýrsla er skrifuð er myndefni vistað með henni í skjalavistunarkerfi Fiskistofu og öðrum eintökum eytt.

Ef brotaskýrsla er ekki skrifuð er myndefninu eytt þegar í stað. Það myndefni sem til verður er einungis varðveitt í skjalavistunarkerfi Fiskistofu og eingöngu í þeim tilgangi að tryggja réttaröryggi við töku stjórnvaldsákvæðana um beitingu viðurlaga. Efnið verður geymt í samræmi við lög um opinbera skjalavörslu.

Drónar verða notaðir við tímabundið og óreglulegt eftirlit við veiðiár, veiðivötn, strandlengju og veiðislóð nærri landi, einkum þar sem erfitt er að komast að til eftirlits, og á hafnarsvæðum þar sem fram fer löndun, vigtun og skráning afla. Tækinu verður stjórnað af veiðieftirlitsmanni sem er viðstaddur og mun hann sjá myndefni úr myndavél tækisins í beinu streymi frá tækinu.

Mat Fiskistofu er að þessi framkvæmd feli ekki í sér rafræna vöktun í skilningi laga nr. 90/2018, þar sem eftirlitið er hvorki viðvarandi né verði það endurtekið reglulega.

Skv. lögum sem Fiskistofa vinnur eftir geta brot á þeim varðað m.a. sektum eða fangelsi og getur fyrirhuguð framkvæmd því haft í för með sér vinnslu persónuupplýsinga um refsiverða háttsemi.

Þær persónuupplýsingar sem gæti verið um að ræða er myndefni af áhöfn skipa, starfsmönnum hafnarsvæða og einstaklingum sem eiga leið um þau svæði þar sem myndefni er safnað. Starfsmenn Fiskistofu þarf að hafa í huga að takmarka eins og hægt er að utanaðkomandi fólk sé inn á myndefni.

**Lýsingu á þeim upplýsingaeignum (vélbúnaður, hugbúnaður, net, fólk, pappír) sem nota á til vinnslunnar.**

Um er að ræða þrjá Matrice 300 RTK með zoom cameru Zenmuse H20 og fjóra Mavic 2 Enterprise Zoom með Smart controller skjáfarstýringu.

**2. Eru vinnsluaðgerðirnar nauðsynlegar og hóflegar miðað við tilgang?:**

Fiskistofu er með lögum gert að fylgjast með framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og að hafa eftirlit með fiskveiðum, þar á meðal að hafa eftirlit með vigtun og löndun afla og beita einstaklinga og lögaðila viðurlögum vegna brota á lögnum. Með hliðsjón af framangreindu fellur vinnsla Fiskistofu á upplýsingum um refsiverðan verknað á þann hátt sem lýst er í erindi Fiskistofu undir lögbundið hlutverk stofnunarinnar.

Fiskistofa er meðvituð um að sýna meðalhóf í vinnslu upplýsinga, ekki er tekið umfram það sem þörf er á.

Nauðsyn vinnslunnar er til að geta sinnt lögbundnu hlutverki stofnunarinnar og geta haft eftirlit með því sem fram fer á stöðum sem erfitt er að komast að, með sem hagkvæmustum hætti.

Ef ekki er hafin málsmeðferð vegna meints brots er myndefninu tafarlaust eytt.

Tilkynning um vinnsluna var send Persónuvernd hinn 10. júní 2020. Svar við tilkynningunni barst frá Persónuvernd 2. júlí sama ár.

Vinnsluaðgerðirnar eru metnar nauðsynlegar og hóflegar miðað við tilgang.

**Hvernig er fræðslu til hinna skráðu háttáð?**

Fiskistofa mun setja tilkynningu á heimasíðu stofnunarinnar.

Þeir eftirlitsmenn sem eiga að sinna eftirliti með drónum fá sérstaka fræðslu um persónuvernd og skyldur þeirra og ábyrgð.

**Hvernig er tryggður réttur einstaklinga til aðgangs að persónuupplýsingum, réttur til leiðréttingar, andmælaréttur og réttur til takmörkunar á vinnslu?**

Með tilkynningu Fiskistofu inn á heimasíðu stofnunarinnar munu fylgja upplýsingar um persónuverndarfulltrúa stofnunarinnar og hvernig hægt sé að komast í samband við hann. Jafnframt verða eftirlitsmenn þjálfaðir í að geta svarað einhverjum spurningum varðandi rétt einstaklinga.

**3. Áhætta og ógnir fyrir réttindi og frelsi skráðra einstaklinga skilgreindar**

Vinnslan er ekki metin áhættumikil frá sjónarhóli hins skráða með tilliti til eðlis, umfangs, samhengis og tilgangs vinnslunnar. Til að takmarka áhættu mun Fiskistofa tilkynna um vinnsluna til hinna skráðu, fræða þá starfsmenn stofnunarinnar sem munu sinna vinnslunni, gæta að meðalhófi þegar kemur að upptöku myndefnis, eyða myndefni um leið og ljóst verður að ekki verði not fyrir það eða geyma efnið á öruggum stað í skjalakerfi stofnunarinnar.

**4. Hvaða ráðstafanir eru fyrirhugaðar til þess að draga úr áhættu.**

Myndefni sem safnast með notkun dróna er flutt úr tækinu í skjalakerfi Fiskistofu þar sem sérstök gátt er fyrir brotamál sem aðeins fyrirfram ákveðnir starfsmenn Fiskistofu hafa aðgang að.

Fræðsla til veiðieftirlitsmanna um meðalhóf. Ekki taka myndefni umfram það sem þörf er á. Reyna að takmarka eins og hægt er að einstaklingar séu inn á myndefni sem ekki koma málinu við. Gera

eftirlitsmönnum það ljóst að um gæti verið að ræða viðkvæmar upplýsingar um einstaklinga sem geta varðað refsingu. Fræða eftirlitsmenn um hugtakanotkun persónuverndar, eins og rétt hinna skráðu til að fá að vita hvort þeir séu á myndefni hjá Fiskistofu og/eða að vita hvert þeir eiga að beina fyrirspurnum varðandi persónuvernd.

Fræða eftirlitsmenn um möguleg viðbrögð við spurningum á vettvangi. Almennigur er orðinn meðvitaður um persónuvernd og líklegt að fólk óski svara þegar þau verða vör við dróna á flugi.

Þurfum að móta verkferil utan um þetta. Þarf að vera skriflegt og öllum starfsmönnum sem koma að vinnslunni ljóst – ekki bara stjórnendum.

#### **5. Samráð við hlutaðeigandi aðila:**

Haft var samráð fyrir persónuverndarfulltrúa Fiskistofu og tilkynning send til Persónuverndar. Talsverð umræða hefur verið um notkun dróna við eftirlit Fiskistofu í samfélaginu.

#### **6. Niðurstaða MÁP**

Niðurstaða MÁP er að áhætta við ofangreinda vinnslu sé lítil að teknu tilliti til þeirrar undirbúningsvinnu sem unnin hefur verið, og verður unnin áður en vinnsla hefst.

Fiskistofa mun móta verkferil við ofangreinda vinnslu, sinna fræðslu til hinna skráðu sem og starfsmanna Fiskistofu sem að vinnslunni koma. Tækifæri hinna skráðu til að fá upplýsingar og koma að athugasemdum er tryggt með góðu aðgengi að persónuverndarfulltrúa og þjálfuðum eftirlitsmönnum sem vita hvernig þeir eiga að svara fyrirspurnum varðandi vinnsluna á vettvangi.

---